

## Hnykillinn<sup>1</sup>

*Bókmenntir eru undirstaða tilveru minnar.  
Þær hafa skilyrt tengsl mín við umbeiminn,  
við annað fólk og mig sjálfa.  
Ég get ekki ímyndað mér líf án bókmenna.<sup>2</sup>*

Í skini birtunnar sem barst inn um gluggann stóð ruggustóllinn. Hún skynjaði áhyggjurnar í orðunum sem féllu í kjölfar þess að útidyrnar lokuðust og fótatak dóttur hennar nálgaðist.

– Hvað er að móður minni, lækni?

– Elliglöp, ungfrú.

Hún lagði við hlustir og fylgdist með samræðum hinna í stofunni um leið og hún ruggaði sér taktfast í stólnum. Fingur hennar handléku ullina af nákvæmni. Hún brá öðrum þrjóninum, vafði lykkju upp á hann, felldi hana, færði þrjóninn og endurtók þetta aftur og aftur og aftur.

Fyrir þó nokkru höfðu ský umvafið augasteina hennar. Þau birtust sem köngulóarvefur og gerðu augnaráð hennar fjarrænt. Mánudum saman hafði hún ekki sagt eitt einasta orð, sat bara með þetta skinhelga bros á samanherptum vörunum. Síðan þá hafði hún ekki hætt að rugga sér í stólnum, ekki einu sinni þegar öll ljósin í húsinu höfðu verið slökkt. Hún hætti heldur ekki að þrjóna þessa sérstöku peysu, nema þegar hún virtist líða út af án þess að gera sér grein fyrir því. Í eigin hugarheimi aðskilja fingur hennar þennan mjúka, klístraða, fínofna köngulóarvef líkt og um sundtök í sæ minninga væri að ræða. Hún þrjóskast við í þögninni; streittist á móti því að

1 Á frummálinu ber sagan yfirskriftina „El ovillo“ og birtist fyrst í bókinni *La secta y otros cuentos* (2000). Hér fengin úr safnrítinu *Penélope sale de Itaca: Antología de cuentistas paraguayos*. Asunción: Universidad Nacional de Asunción, 2005, bls. 69–75.

2 Ferrer, Renée. Sama rit, bls. 66.

vera komið í rúmið. Þau urðu að leyfa henni að vera í stólnum, koma fyrir kodda við höfuð hennar, fara með hana á baðherbergið þegar þess þurfti og færa henni mat.

Í þöglum hugarfylgsnum hennar flögruðu orð dætra hennar úr öllum áttum.

– Þetta er algjörlega ótímabært, lækni. Fyrir einungis nokkrum mánuðum var hún alheil.

– Það finnst ekki alltaf skýring á öllum hlutum. Læknisfræðilega er ekkert hægt að gera fyrir frú Melínu.

– En hún talar ekki við okkur. Brosir bara. Neitar að matast. Hún ruggar sér og ruggar viðstöðulaust. Ýtir sér með öðrum fætinum og þrjónar þessa peysu. Gerðu eitthvað, lækni. Ég get ekki horft upp á hana svona.

Gerðu eitthvað, lækni. Ég get ekki horft upp á hana svona. Gerðu eitthvað, lækni. Ég get ekki ... endurtók hún í sífellu. Frú Melína sló taktinn á gólfinu með því að rugga stólnum. Látið mig afskiptalaus. Hún hverfur á vit minninganna.

Mamma, hvar er stílabókin mín? Mamma, mér finnst maturinn vondur. Mamma, ég kem seint heim. Þessi kjóll er forljótur. Hún er að toga í hárið á mér. Hún sagði að ég væri fífl. Nú er nóg komið! Sjáið þið ekki að pabbi ykkar er að koma? Verið þið rólegar. Ég reyndi alltaf að láta þær hegða sér eins og allt væri í lagi.

– Hvers vegna ætli mamma brosi bara?

– Ég skil það ekki.

– Hún virðist ekki leið, bara fálát.

Hvernig ættu þær að skilja. Þær höfðu jú ekki lifað lífinu til fulls. Þær vissu ekki á þeim tíma hvað var viðeigandi í svona kringumstæðum. Jafnvel þegar aðstæðurnar voru kæfandi. Melína, helltu upp á kaffi handa mér. Melína, kaffið er kalt. Melína, inniskórni. Hlutirnir eru aldrei settir á sinn stað. Melína, það vantar tölu á peysuna. Melína, þú hugsar aldrei fyrir neinu. Ekki smáatriðunum. Ég gleymdi mér alltaf svolítið í smáatriðunum. Öðrum hlutum sinni ég samt sem áður. Þau notuðu mig til hvers sem var og ég leyfði þeim það. Mamma, reimaðu skóna mína. Mamma, gefðu mér mjólk. Mamma, hjálpaðu mér með heimalær-dóminn. Þú ofdekrar hann, Melína. Hann er eini sonurinn. Þú ættir að koma fram við hann eins og karlmann. Þú breytir honum í tepru meðal allra þess-

ara kvenna. Það var eins og hún hefði vitað að brátt myndi hún missa hann. Upp frá því voru það bara stelpurnar og ég, auk léttisins við að gráta í einrúmi. Melina sísnöktandi yfir því sem engin lækning finnst við, því sem er ólæknandi. Sonur þinn er dáinn og lífið heldur áfram. Og lífið hélt áfram en fótatak hans hafði hljóðnað. Melina. Melina. Melina. Hvernig gastu gleymt að kaupa tannstöngla? Ég gleymdi alltaf að kaupa tannstöngla.

Upptrekktar raddir dætranna hrifsuðu hana aftur til veruleikans.

– Ég man nóttina þegar mamma varð svona.

– Það var hrikalegt.

– Síðan þá talar hún ekki við okkur.

– En hún brosir.

– Já, hún brosir, sama vonleysislega brosinu. Það er eins og hún hafi sett upp grímu.

– Og þrjónar og þrjónar þessa undarlegu peysu.

Inn um hálfopinn gluggann smaug ilmur blágresisins sem hundurinn hafði rótað upp, dauf angan af blautu grasi og rökkri. Fíngerð bómullarskyrta frú Melinu bærðist líkt og segl við rólegan andardrátt hennar. Hjónabandið er löng orrusta gegn fjötrum vanans, barátta tveggja líkama þar til dauðinn aðskilur þá. Augnablikin rekast á, fléttast saman, jafnt þau góðu sem slæmu.

Komdu hérna, Melina. Sestu hérna hjá mér. Þú veitir mér aldrei félagsskap. Alltaf upptekin við að sinna stelpunum. Og þegar maður unír sér hvíldar fer allt í háalof og maður bregst til varnar. Köngulóarvefirnir! Melina, af hverju líturðu ekki stundum til lofts og fjarlægir köngulóarvefina. Er ég sá eini sem tek eftir því sem betur má fara á þessu heimili? Köngulærnar, þessir ógeðfelldu óvinir kvenna. Þær koma meiru í verk en hvaða kona sem er. Þær vefa og spinna á meðan ... Melina. Melina. Melina. Hvers vegna græturðu, Melina? Dagarnir lengjast líkt og klístraðir sleftaumar. Dauf birtan frá kveiknum magnar upp myrkrið.

Melina, farðu úr náttkjólnum, þannig var samkomulagið.

– Það er undarlegt hvernig mamma horfir út yfir garðinn, á friðsælt útsýnið, og þrjónar minningar sínar burt.

– Manstu hvernig hún dreifði geitatoppum um húsið? Ilmurinn var kæfandi þegar við gengum inn.

– Hún var vön að syngja þegar hún var ánægð.

– Hún var alltaf ánægð.

Frá mínum bæjardyrum séð var ég alltaf upptekin. Frá morgni til kvölds hafði ég nóg fyrir stafni. Ég var upptekin við verkin, sífellt á þönum, ég snerist í takt við óskir þeirra, eins og ekkert væri, alltaf upptekin. Melina, gleymdu þér ekki við innkaupin. Melina, kraginn er krumpaður. Melina, lagaðu þessa óreiðu. Melina. Melina. Gleymdu þér ekki. Ég kom svo mörgu í verk að þau tóku einungis eftir því sem ég gleymdi.

Því sem ég gleymdi. Því sem ég gleymdi. Þeim sem maður gleymir. Frú Melina hélt áfram að rugga sér varlega með öðrum fæti. Og stúlkurnar uxu úr grasi. Þegar Pancho missti vinnuna urðu fjárráðin af skornum skammti. Kröfurnar urðu að sama skapi meiri. Mamma, kaupu kjól handa mér fyrir afmælið hennar Rositu. Líka handa mér, mamma, vertu nú góð. Melina, þú eyðir allt of miklum peningum í heimilisreksturinn. Málið er einfalt. Þú verður að ráðstafa fénu rétt. Þegar stúlkurnar urðu gjafvaxta þurfti hún að halda þeim heima við. Melina, hvar eru dætur þínar? Ég hef sagt þér þúsund sinnum að ég vil ekki að þær komi seint. Og þær réðust á mig eins og ódir hundar þegar ég sagði eitthvað við þær. Þið treystið okkur ekki, þið ímyndið ykkur alltaf að við munum gera eitthvað slæmt. Sérstaklega sú elsta, sem hafði sterkar skoðanir. Ertu aftur að snuðra í dótinu mínu, mamma? Ef ég vil gera eitthvað þá spyr ég þig ekki leyfis fyrst. Þið eldra fólkið vitið ekki neitt. Þú getur sjálfri þér um kennt, Melina. Þú ert drusla. Þér er ekki sýnd virðing. Þú kannt ekki að sjá um dætur þínar. Og hvernig ættir þú að kunna það. Þú sem svafst ekki hjá mér þegar ég vildi? Ef eitthvað kemur fyrir þær þá lem ég þig. Þær taka ekkert mark á mér. Enginn ber virðingu fyrir mér.

Samtalið barst úr stofunni sem daufur niður.

– Af hverju hættir mamma ekki að þrjóna?

– Þannig styttir hún sér stundir.

– En hún gæti gert eitthvað annað eða þrjónað eitthvað af viti.

Þessi peysa er fáránleg.

– Læknirinn segir að hún geti staðið upp.

– En hún vill það ekki.

– Það er erfitt að horfa upp á hana starandi svona út í garðinn.

Stara út í garðinn, gleyma sér í garðinum. Að skynja vantraustið

líkt og brennimerki á bakhlutanum. Hvaðan ertu að koma, Melina? Hvert ertu að fara, Melina? Ekki segja mér að þú ætlir að leggja þig ... Ég vil ekki að konan mín gangi um göturnar eins og ein *þeirra*. Þú átt að vera heima með dætrum þínum. Hver horfir á þig, Melina? Á hvern horfir þú, Melina? Það ergir mig að þú gangir um og blaðrir. Bara svo að þú vitir. Fyrirgefðu mér, Melina. Ekki segja stelpunum að ég sló þig. En ég horfði ekki á neinn, augu mín horfðu aldrei djúpt í augu annarra. Ég hræddist frelsið. Nú er ég frjáls. Ég vil ekki að þau heyri í mér, né heldur að þau noti mig, eða misnoti. Þú segir mér ekki hvenær ég má fara. Ég er húsbóndi á þessu heimili. Ég fer þegar ég vil og kem aftur þegar mér sýnist. Ég kæri mig ekki um fáránlegar og heimskulegar erjur vegna afbrýðisemi. Og ef þér þóknast það ekki þá veistu hvað þér ber að gera; þarna eru dyrnar og vertu sæl.

Vertu sæl, vertu sæl, verið þið sæl öll þessi glötuðu ár. Hún sá hann enn fyrir sér með krepptan hnefann þegar hann hótaði þessu.

Frú Melínu miðaði vel með peysuna síðan nóttina sem hún hóf að rugga sér í stólnum. Upp frá því færðu dæturnar henni blóm inn á herbergið alla morgna og gleymdu aldrei að koma með ullargarn handa henni. Enn heyrði hún þær tala saman lágum rómi.

– En hvað kom í rauninni fyrir mömmu? Það var nóttina sem hún gaf okkur köttinn og sat og þrjónaði fyrir framan sjónvarpið.

– Já, allt í einu varð hún róleg og starði á hvernig dýrið lék sér að ullarhnyklinum. Hún galopnaði augun líkt og hún skildi allt í einu eitthvað. Hún fylgdi hnyklinum með óttablöndnu augnaráði – svo virtist sem hún væri að tala við hann. Kötturinn sótti hann, velti honum út um allt og flækti ullina með mjúkum loppum sínum. Þetta var miðlungsstór, mjúkur hnykill sem hann lék sér að. Munið þið?

– Já. Hún var að þrjóna peysu handa einhverri okkar og kötturinn sló eign sinni á hnykilinn. Hann togaði hnykilinn hingað, fór með hann þangað og rakti ullargarnið ýmist upp eða reyrdi fast.

– Við hlógum.

– Við hlógum öll. Og hún gaf frá sér óp. Hún varð stjórf og starði á köttinn á meðan hún hljóðaði. Hnykillinn þeyttist út og suður; frá einum vegg til annars, frá einum stól til annars, og óp-

unum linnti ekki. Við vorum hræddar um að hún geispaði golunni æpandi.

– Núna er hún ekki hrædd við köttinn. Hún strýkur honum með fætinum af og til, án þess að missa taktinn þegar hún ruggar sér. Hún horfir blíðlega á hann. Það minnir mig á hvernig hún horfði á okkur þegar við vorum unglingar.

– Og hún þrjónaði og þrjónaði þessa undarlegu peysu.

– Það er eins og hún hafi horfið.

Eins og hún hafi horfið. Eins og hún væri farin. Inn um gluggann barst angan af taumlausum sætleika bleiku lárviðartrjáanna í garðinum og herbergið fylltist af ódáinsilmi. Frú Melina brosti á meðan hún hélt áfram að þrjóna peysuna sem var ekki handa neinum. Hún hafði þegar lokið við bolinn og var byrjuð á ermunum. Peysan var í röngum hlutföllum, tröllaukin og afkáraleg. Ermarnar voru svo langar að þær náðu niður á gólf. Já, með langar ermar, mjög langar, til að faðma þau öll, faðma þau öll, til að faðma þau öll.

Þegar raddirnar dóu út, hélt frú Melina áfram að rugga minningum sínum í stólnum.

*Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku*